

Bókun 1079. fundar bæjarráðs Ísafjarðarbæjar frá 21. október, með ályktun fyrir 4. haustþing Fjórðungssambands Vestfirðinga.

**2019090076 - 4. haustþing Fjórðungssambands Vestfirðinga**

*Tillaga Ísafjarðarbæjar að ályktun fyrir 4. haustþing Fjórðungssambands Vestfirðinga.*

*Bæjarráð Ísafjarðarbæjar hvetur sveitarstjórnarfólk á Vestfjörðum til að vinna að auknu samstarfi sveitarfélaganna og leggja sig fram við að viðhalda samstöðu þar á milli. Með því að snúa bökum saman verða sveitarfélögin betur í stakk búin til að auka gæði þjónustu sem þau veita og styðja við uppbyggingu öflugs atvinnulífs. Þar erum við að hefja stórsókn og er gott samstarf lykillinn að árangri. Það er skylda okkar sveitarstjórnarfólks að vera stanslaust vakandi fyrir leiðum til að vinna betur saman, með þjónustu íbúa að leiðarljósi.*